



AÐALSKIPULAG GARÐABÆJAR 2016-2030

AÐALSKIPULAG KÓPAVOGS 2019-2040

DEILISKIPULAG ARNARNESVEGAR

**Skipulagslýsing – Arnarnesvegur milli Hafnarfjarðarvegar og
Reykjanesbrautar og frá Fífhvammsvegi að Rjúpnavegi**

19.03.2025

EFNISYFIRLIT

SKIPULAGSLÝSING	3
Deiliskipulag A, Arnarnesvegur milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar	4
Deiliskipulag B, Arnarnesvegur frá Fífuhammsvegi að Rjúpnavegi	6
Aðalskipulag, breytingar	7
Hljóðmengun, náttúra, minjar og lagnir	9
Umhverfismat	9
Tengsl við aðrar áætlanir	10
Kynning, samráð og skipulagsferli	10
Drög að skipulagsferlinu	11

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

109054-LYS-001-V03

HÖFUNDUR

Hrafnhildur Brynjólfsson, Berglind Hallgrímsdóttir

RÝNT

Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir (EFLA), Garðabær, Kópavogur, Vegagerðin

SAMÞYKKT

SKIPULAGSLÝSING

Í undirbúningi er að gera **deiliskipulög** fyrir tvo vegkafla Arnarnesvegur. Annars vegar fyrir um 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarvegur og Reykjanesbrautar innan Garðabæjar og Kópavogs (mynd 1 - A), og hins vegar fyrir um 1,1 km kafla frá Fífuhammsvegi að Rjúpnavegi innan Kópavogs (mynd 1 - B). Deiliskipulögin tvö munu ná yfir veghelgunarsvæðin, stíga og gatnamót að nálægum íbúðarsvæðum. Unnið er að veghönnun beggja vegkaflanna með breytingum sem eru til þess ætlaðar að auka umferðaröryggi og um leið eru hljóðvarnir, stígatengingar og staðsetningar strætóstöðva yfirfarnar. Bæði deiliskipulögin eru áfangar á þeirri vegferð að í gildi verði deiliskipulög fyrir Arnarnesveg innan Kópavogs og Garðabæjar. Viðfangsefni í deiliskipulagi eru þau umfjöllunarefni sem fylgja veginum, þar á meðal:

- Arnarnesvegur, vegamót og vegir að Arnarnesvegi
- Leiðir gangandi og hjólandi vegfarenda
- Leiðir almenningssamgangna
- Undirgöng
- Minjar
- Hljóðvarnir
- Veitur




MYND 1. Gróf afmörkun fyrir deiliskipulagssvæðin fyrir Arnarnesveg frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut (A) og fyrir Arnarnesveg frá Fífuhammsvegi að Rjúpnavegi (B).

Deiliskipulögin eru unnin af sveitarfélögunum Garðabæ og Kópavogi ásamt Vegagerðinni, sem er veghaldari vegarins. Sveitarfélögin Garðabær og Kópavogur hafa nýlega skrifað undir viljayfirlýsingu um endurskoðun á sveitarfélagamörkum á Arnarneshálsi. Þar kemur fram að sveitarfélögin taki þátt í deiliskipulagvinnu Arnarnesvegur ásamt Vegagerðinni, þar sem lögð er áhersla á að bæta umferðarflæði, öryggi og gæði umferðartenginga á svæðinu.

Í **aðalskipulagi** sveitarfélaganna er Arnarnesvegur stofnbraut með mislægum gatnamótum, gatnamótum í plani, undirgöngum og stígakerfi. Því er haldið opnu í þessari skipulagslýsingu að skoðun á vegköflunum og stígatengingum og útfærsla þeirra getur leitt til breytinga á aðalskipulagi. Í ferli aðalskipulagsbreytinga fyrir Arnarnesháls/Arnarland, sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 6. mars 2025, komu fram ábendingar um öryggi og flæði akandi umferðar umhverfis Arnarland sem var vísað í úrvinnslu við mótun deiliskipulags Arnarnesvegur sem hér er sagt frá. Þannig eru til skoðunar staðsetningar á undirgöngum fyrir gangandi á kaflanum milli Hafnarfjarðarvegur og Reykjanesbrautar og lega stíga beggja vegna vegarins, en útfærsla tillögu liggur ekki fyrir.


Deiliskipulag A, Arnarnesvegur milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar

Á vegkaflanum milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar er Vegagerðin í samvinnu við sveitarfélögin að vinna að undirbúningi tvöföldunar vegarins þannig að hann verði með tvær akreinar í hvora átt til framtíðar. Í dag er Arnarnesvegur á stærstum hluta þessa kafla tvíbreiður vegur með eina akrein í hvora átt með hringtorgum á gatnamótum (mynd 2). Verið er að skoða mögulegar útfærslur á fyrirkomulagi vegarins og gatnamóta á þessum kafla út frá hæðarlegu og afkastagetu. Markmiðið er að halda hringtorgunum í núverandi legu en breikka hringtorg Arnarnesvegar og Smárahvammsvegar í tvær akreinar (mynd 3). Fyrir liggur skv. aðalskipulagi Garðabæjar að gerð verður vegtenging í undirgöngum til að tengja væntanlega uppbyggingu í Arnarlandi við þegar byggt hverfi í Akralandi. Þá gerir deiliskipulagstillaga fyrir Arnarland, sem nú er í skipulagsferli,¹ ráð fyrir Borgarlínu með Hafnarfjarðarvegi að austanverðu. Frumdragavinna við Borgarlínu um Hafnarfjarðarveg er ekki hafin og er enn opið fyrir ólíka kosti um legu hennar. Garðabær mun vinna með Betri Samgöngum þegar kemur að hönnun hennar eftir Hafnarfjarðarvegi. Við Hafnarfjarðarveg er Arnarnesvegur innan samgöngu- og þróunaráss skv. svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040. Arnarnesháls er skilgreindur sem samgöngumiðaður kjarni í aðalskipulagi Garðabæjar með áherslu á uppbyggingu verslunar og þjónustu.



MYND 2. Loftmynd af vegkafla Arnarnesvegar milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar (map.is 2024).

¹ Sjá mál í skipulagsgátt : <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1410>



MYND 3. Vinnugögn sem sýna drög að legu vegar og stíga sem unnið verður með í deiliskipulaginu.

Verið er að yfirfara framtíðarlegu göngu- og hjólastíga, en engir stígar eru meðfram Arnarnesvegi á þessum vegkafla í dag. Stígar þvera veginn á þessum stöðum:

- Við mislæg gatnamót við Hafnarfjarðarveg
- Við gatnamót Fífhvamsvegur/Bæjarbraut
- Við gatnamót Smárahvamsvegur/Nónhæðar
- Í undirgöngum við hringtorg sem er mislægt ofan á Reykjanesbraut

Arnarnesvegur á þessum kafla er innan Garðabæjar en veghelgunarsvæðið nær yfir sveitarfélagamörk til Kópavogs á kaflanum frá Fífhvamsvegi að Reykjanesbraut. Öllu landi innan veghelgunarsvæðisins hefur verið raskað og mótað með mannvirkjum og mönum. Þar eru hvorki þekktar minjar né ósnortin náttúra sem þarf að huga að. Gætt verður að hljóðvist og hljóðvörnum fyrir aðliggjandi hverfi.

Byggð er við allan vegkaflann nema næst Hafnarfjarðarvegi þar sem unnið er að undirbúningi fyrir uppbyggingu Arnarlands. Á því svæði er stöku runnagróður en lúpína þekur svæðið næst Arnarnesvegi. Sunnan vegarins í jaðri íbúðarhverfisins í Akralandi er Krónuverslun. Þegar austar dregur eru íbúðahverfi beggja vegna vegarins og norðan vegar næst Reykjanesbraut er verslunar, þjónustu og íbúðarsvæði sunnan Smáralindar.

Í dag eru strætóstöðvar við Arnarnesveg. Nýtt leiðanet strætó, sem er í undirbúningi, mun hafa áhrif á þessar strætóstöðvar og þær líklegar til að færast til. „Nýtt leiðanet“ er framtíðarsýn um heildstætt leiðanet almenningssamganga með borgarlínuvögnum og hefðbundnum strætisvögnum. Grunn áherslur leiðanetsins snúast um aukna tíðni og styttri ferðatíma en í núverandi leiðakerfi Strætó.

Betur verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vega, gatna, stíga, mana og almenningssamgöngum í deiliskipulagstillögu. Þar verður einnig umfjöllun um valkosti, sem voru til skoðunar fyrir útfærslu gatnamóta og áfangaskiptingu framkvæmda.

Deiliskipulag B, Arnarnesvegur frá Fífuhvamsmsvegi að Rjúpnavegi

Á vegkaflanum frá Fífuhvamsmsvegi að Rjúpnavegi er verið að endurhanna gatnamót til að auka umferðaröryggi og til að bæta umferðarflæði, en í dag er vegkaflinn tvíbreiður vegur með eina akrein í hvora átt með hringtorgi og tveimur T-gatnamótum (mynd 4). Til að ná því markmiði er til skoðunar að gera eftirfarandi breytingar (mynd 5):


- Fækka skurðpunktum akandi umferðar á gatnamótum Arnarnesvegar við Sólar sali og breyta þeim þannig að einungis verði hægt að beygja til hægri af Arnarnesvegi inn á Sólar sali og keyra út af Sólar söllum til hægri.
- Breyta gatnamótum við Salaveg í hringtorg. Í dag eru þar T gatnamót sem anna illa framtíðar umferð þegar Arnarnesvegur verður tengdur við Breiðholtsbraut, sem nú er í framkvæmd. Þá er hringtorg í meiri samfelli við yfirbragð Arnarnesvegar alls.

Til framtíðar er miðað við að þarna geti orðið fjögurra akreina vegur, tvær akreinar í hvora átt (2+2 vegur). Engin tímasetning liggur fyrir um hvenær eða hvort verður farið í þá breikkun og eftir er að útfæra hvernig vegurinn verður sýndur í deiliskipulagi.

Áætlanir gera ráð fyrir að Borgarlína fari um þennan vegkafla til framtíðar og þá í sameiginlegu rými með annarri akandi umferð. Frumdragavinna við Borgarlínu á þessum vegkafla er ekki hafin.



MYND 4. Loftmynd af vegkafla Arnarnesvegar frá Fífuhvamsmsvegi að Rjúpnavegi (map.is 2024).



MYND 5. Vinnugögn sem sýna drög að legu vegar sem unnið verður með í deiliskipulaginu.

Góðar aðskildar leiðir eru fyrir gangandi og hjólandi á þessum kafla Arnarnesvegur bæði norðan og sunnan vegar. Stígar þvera veginn á tveimur stöðum í undirgöngum og í tengslum við báðar þveranirnar eru strætóstöðvar.

Breytingar á gatnamótum munu leiða af sér breytingar á stígum og mönum við veginn en góðar tengingar og hljóðvist verða áfram tryggð, annað hvort með breytti legu stíga og mana eða með hljóðveggjum.


Norðan Arnarnesvegur eru íbúðarsvæði í Salahverfi en sunnan vegarins er golfvöllur. Vegurinn sjálfur er á svæði sem hefur verið raskað og mótað með mannvirkjum og mönum. Vegurinn var fyrst byggður árið 2004 og í kjölfarið voru gerðir stígar beggja vegna. Innan veghelgunarsvæðisins eru engar minjar þekktar og engin ósnortin náttúra til að huga að. Fyrir liggur umhverfismat framkvæmda fyrir þennan kafla Arnarnesvegur frá 2003 í samræmi við eldri lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.²

Betur verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vega, gatna, stíga, mana og staðsetningu strætóstöðva í deiliskipulagstillögu. Þar verður einnig gerð grein fyrir þeim valkostum sem voru til skoðunar fyrir útfærslu gatnamóta.

Aðalskipulag, breytingar

Breytingar á Arnarnesvegi og tengdum samgöngumannvirkjum, á þeim vegköflum sem deiliskipulögin munu ná yfir, geta leitt til þess að breyta þurfi aðalskipulagi Garðabæjar og/eða Kópavogs. Ef gera þarf breytingar þá verða tillögur að þeim auglýstar samhliða deiliskipulagi, eftir forkynningu aðalskipulagsbreytinga. Deiliskipulagssvæði Arnarnesvegur milli Hafnarfjarðarvegur og Reykjanesbrautar er að mestu innan Garðabæjar, en nærsvæði þess til norðausturs er innan bæjarmarka Kópavogs.

Hér fyrir neðan er skjáskot af skipulagsuppdrátti aðalskipulags Kópavogs³ með skýringum (mynd 6) sem var samþykkt 28.12.2021, sem sýnir nærsvæði Arnarnesvegur á þessum kafla til norðausturs.



MYND 6. Aðalskipulag Kópavogs, skjáskot af hluta af skipulagsuppdrátti aðalskipulagsins sem var samþykkt 28.12.2021.

² Sjá gagnagrunn umhverfismats á vefsíðu Skipulagsstofnunar, [https://island.is/s/skipulagsstofnun/gagnagrunnur-umhverfismats/Arnarnesvegur-\(411\)-Reykjanesbraut-Breidholtsbraut-og-tengibraut-um-Horduvelli-i-Gardabae-Kopavogi-og-Reykjavik-4-7-2003](https://island.is/s/skipulagsstofnun/gagnagrunnur-umhverfismats/Arnarnesvegur-(411)-Reykjanesbraut-Breidholtsbraut-og-tengibraut-um-Horduvelli-i-Gardabae-Kopavogi-og-Reykjavik-4-7-2003).


³ Sjá uppdrátt á skipulagssjá Skipulagsstofnunar <https://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=29637763752385263575>

Hér fyrir neðan er skjáskot af þeim hluta Arnarnesvegjar sem er innan Garðabæjar en breyting á aðalskipulagi Garðabæjar við Akraland/Arnarnesháls, er að ljúka sínu staðfestingarferli (mynd 7), og nær yfir Arnarnesveg milli Hafnarfjarðarvegjar og Reykjanesbrautar. Skjáskotið er af breytingaruppdrætti sem var staðfestur af bæjarstjórn Garðabæjar 06.03.2025 en hann er aðgengilegur í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.⁴ Í ferli þeirrar breytingar komu fram athugasemdir og ábendingar um öryggi og flæði umferðar umhverfis Arnarland og verða þær skoðaðar við mótun deiliskipulags fyrir Arnarnesveg.



MYND 7. Aðalskipulag Garðabæjar, skjáskot af breytingu sem var samþykkt í bæjarstjórn 6.3.2025, ásamt skýringum.

Deiliskipulagssvæði Arnarnesvegjar frá Fífuhammsvegi að Rjúpnavegi er innan Kópavogs. Hér fyrir neðan er skjáskot úr aðalskipulagssjá Skipulagsstofnunar sem sýnir Arnarnesveg á þessum vegkafla og veghelgunarsvæði hans.



MYND 8. Aðalskipulag Kópavogs, skjáskot af hluta af skipulagsuppdrætti aðalskipulagsins sem var samþykkt 28.12.2021.

⁴ Sjá á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, undir flípanum „Staðfesting“ <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1411>

Hljóðmengun, náttúra, minjar og lagnir

Hávaði frá umferð hefur verið kortlagður fyrir viðmiðunarárið 2022. Í deiliskipulagi verður sýnd kortlagning hávaða fyrir deiliskipulagssvæðin út frá framtíðarumferð og gerð grein fyrir viðeigandi hljóðvörnum.

Arnarnesvegur og næsta nágrenni hans er á svæði sem hefur verið raskað. Engar þekktar minjar, sérstæð náttúra eða náttúruminjar eru á svæðinu.

Gerð verður grein fyrir kvöðum fyrir stofnlagnir sem þvera veginn, eftir því sem við á. Samráð verður haft við veitustofnanir.

Umhverfismat

Í deiliskipulagsáætluninum verður fjallað um umhverfismat áætlana í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í umhverfismati verður lögð áhersla á að meta áhrif þeirra breytinga sem deiliskipulagsáætlanirnar boða á umhverfið.

- Hljóðvist og loftgæði vegna framtíðar umferðar um Arnarnesveg.
- Samgöngur og ferðavenjur vegna breytinga á vegi og stígum.
- Heilsu og öryggi vegna breytinga á vegi, gatnamótum og stígum.

Við val á umhverfisþáttum, matsspurningum og viðmiðum var m.a. litið til umfjöllunar í umhverfisskýrslu deiliskipulags Arnarnesvegar 3. áfanga frá 2022. Viðmið eru einkum sótt í stefnu stjórnvalda í viðkomandi málaflokkum, skipulagsáætlunum sveitarfélaganna og lögum og reglugerðum.

Í töflu 1 eru þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af þeim breytingum sem deiliskipulagsáætlanirnar munu fjalla um, matsspurningar og viðmið.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og gögn sem viðmið eru sótt í.

UMHVERFIS-ÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Hljóðvist og loftgæði	Mun áætlunin hafa áhrif á hljóðvist eða loftgæði fyrir fólk?	Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029, sbr. markmið um að draga úr svifryksmengun.
Samgöngur og ferðavenjur	Styður tillagan við fjölbreytta ferðamáta? Hafa breytingarnar áhrif á þjónustustig stofnbrauta?	Stefnumið Aðalskipulags Garðabæjar og Kópavogs um fjölbreytta ferðamáta. Höfuðborgarsvæðið 2040, leiðarljós 2 um skilvirkar samgöngur sem uppfyllir ferðaþarfi fólks með sem minnstum tilkostnaði og umhverfisáhrifum.
Heilsu og öryggi	Mun áætlunin hafa áhrif á umferðaröryggi? Hefur áætlunin áhrif á lýðheilsu, s.s. aðstæður til heilsueflingar, aðgengi að útivistarsvæðum?	Vegalög nr. 80/2007 Stefnumið Aðalskipulags Garðabæjar og Kópavogs um lýðheilsu og heilsueflingu. Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsuefandi samfélagi. Velferðarráðuneytið. Sept. 2016.
Loftslag	Hafa breytingarnar áhrif á kolefnisspor og losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna og innviða?	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Lög um loftslagsmál nr. 70/2012.

Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áherslna og stefnumiða í eftirfarandi stefnum.

Í **Landsskipulagsstefnu 2015-2026** er sett fram stefna um að skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðarþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Einnig kemur fram að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.

Út frá þessari stefnumörkun í landskipulaginu verður í deiliskipulaginu lögð áhersla á umferðaröryggi og stígatengingar sem ýta undir virkan ferðamáta í daglegum erindum.

Áætlanirnar munu horfa til **Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040**:

- Markmið 2.4 gerir ráð fyrir að stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu eigi að mynda heildstætt tveggja laga kerfi meginstofnvega og stofngatna sem verða endurhannaðar eftir því sem byggð og samgöngur þróast.
- Markmið 1.2 gerir ráð fyrir að samgöngumiðuð þróunarsvæði séu vel tengd við almenningssamgöngur, Borgarlínu eða hefðbundinn strætó með hátt þjónustustig.

Í greinargerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 er tekið fram að áhersla verði lögð á aðgerðir og framkvæmdir sem geta aukið umferðaröryggi og dregið úr neikvæðum áhrifum umferðar á nærumhverfið. Deiliskipulag Arnarnesvegur með breytingum á gatnamótum og stefnu til framtíðar um 2+2 veg fellur að stefnu svæðisskipulagsins um stofngötur og umferðarflæði og þjónustustig þeirra, og góðar almenningssamgöngur.

Að deiliskipulögunum liggja fjölmörg **deiliskipulög**. Eftir atvikum verða gerðar breytingar á þeim til að fella út af þeim svæði sem deiliskipulög Arnarnesvegur munu ná yfir. Miðað verður við að innan deiliskipulagssvæðanna verði Arnarnesvegur, stígar, manir og veghelgunarsvæði vegarins en aðliggjandi lóðir verði utan deiliskipulagsmarka.

Kynning, samráð og skipulagsferli

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem geta komið að gagni við mótun tillögu að deiliskipulagi og breytinga á aðalskipulagi. Í lýsingunni kemur fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

Upplýsingar um skipulagslýsingu verða sendar til umsagnaraðila í gegnum skipulagsgatt.is. Skipulagslýsing verðu auglýst í blöðum og verða upplýsingar um hana aðgengilegar á vef Garðabæjar og Kópavogsbæjar.

Ölum er frjálst að skila inn umsögn um skipulagslýsingu í gegn um skipulagsgatt.is.

Óskað verður eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum við þessa skipulags- og matslýsingu og á öðrum stigum í skipulagsferlinu. Helstu samráðs- og umsagnaraðilar í ferlinu eru:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Betri samgöngur ohf.
- Strætó bs.
- Veitur ohf.
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Kirkjugarðar Reykjavíkur
- Arnarland, landeigendur
- GKG Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
- Landssamtök hjólræðamanna
- Salaskóli
- Leikskólinn Arnarsmári
- Roðasalir, sambýli og dagþjálfun fyrir aldraða

Drög að skipulagsferlinu

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og helstu tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

- **Mars/apríl 2025**, skipulagslýsing afgreidd til kynningar og umsögnum skilað í skipulagsgatt.is
- **Vor 2025**, forkynning aðalskipulagsbreytingar, ef breyta þarf aðalskipulagi
- **Vor/sumar 2025**, auglýsing tillagna og sex vikna frestur til að skila umsögnum í skipulagsgátt
- **Sumar/haust 2025**, skipulagstillögur staðfestar